



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík 20. mars 2020

### **Efni bréfs: Viðbrögð við skólaforðun og samræmd skráning barna í grunnskóla.**

Þann 21. ágúst 2019 sendi umboðsmaður barna mennta- og menningarmálaráðuneytinu tillögur að fimm punkta áætlun til að bregðast við skólaforðun í grunnskólum. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna ber umboðsmanni að vinna að því að stjórnvöld taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Þá ber umboðsmanni að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna og er fimm punkta áætlunin liður í því. Könnun sem framkvæmd var af Velferðarvaktinni árið 2019 meðal skólustjóra í öllum grunnskólum landsins má gera ráð fyrir að um 2,2% grunnskólanema eða um 1000 börn glími við skólaforðun. Í máli Þorsteins Sæbergs, formanns Skólustjórafélags Íslands á málþingi um skólaforðun sem haldið var 20. maí 2019, kom fram að þessar tölur væru varlega áætlaðar og mætti gera ráð fyrir að umfang skólaforðunar væri meira en 2,2%. Hér er um umfangsmikinn vanda að ræða og mikilvægt að gripið verði til markvissra aðgerða til þess að bregðast við skólaforðun.

Svar við erindi umboðsmanns barna hefur ekki borist og því vill umboðsmaður áréttu efni þess. Fimm punkta áætlunin miðar fyrst og fremst að því að tryggja rétt barna til menntunar eins og kveðið er á um í 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 28. gr. laga nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. En samkvæmt e lið 1. mgr. 28. gr. Barnasáttmáls er sú skylda lögð á stjórnvöld að grípa til ráðstafana til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Í áætlun umboðsmanns er lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytið ráðist í vinnu við að kortleggja hversu umfangsmikill vandi skólaforðun raunverulega er og hverjar séu helstu ástæður þess að börn sæki ekki skóla. Þá kemur þar fram að þörf sé á samræmdri fjarvistarskráningu hjá öllum grunnskólum landsins en það er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samanburð milli landshluta og fylgjast með þróuninni. Fyrirmæli um slíka skráningu þurfa að koma frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem er stefnumótandi aðili í málaflokknum og fer með yfirstjórn málefna grunnskóla í landinu. Í fimm punkta áætluninni kemur jafnframt fram að hrinda þurfi í framkvæmd aðgerðum til þess að stuðla að því að börn fái stuðning við hæfi, líkt og skólum er skylt að gera samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010. Út frá þeim málum sem umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um má leiða líkur að því að ástæða skólaforðunar sé í mörgum tilfellum skortur á viðunandi stuðningi innan skólans. Því er brýnt að lögfest verði krafa um setningu og innleiðingu verkferla í grunnskólum varðandi skólaforðun. Þá kom fram að það sé mikilvægt að rætt verði við börn

sem hafa glímt við skólaforðun til þess að fá þeirra innsýn í þetta málefni. Börn á að hafa með í ráðum og það er skylda stjórnvalda að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Samkvæmt minnisblaði sem Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar lagði fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur þann 11. febrúar, er óljóst hvar 179 börn, sem eru með lögheimili í Reykjavík, stundi nám. Það er ljóst að þessi staða á ekki að geta komið upp og mikilvægt er að gripið verði til aðgerða, enda geta stjórnvöld ekki staðið við skuldbindingar sínar um að tryggja rétt barna til menntunar ef ekki er haldið utan um skráningu barna með markvissum hætti. Þetta varpar enn frekara ljósi á þá þörf sem er á samræmdri skráningu skólasóknar hjá öllum grunnskólum landsins. Þá vill umboðsmaður áréttta að kanna þarf hvort þessu sé eins farið í öðrum sveitarfélögum. Menntamálastofnun ætti að hafa frumkvæði að því að kalla eftir slíkum upplýsingum frá sveitarfélögum. Erindi þess efnis verður sent Menntamálastofnun.

Með vísan í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 83/1994 óskar umboðsmaður barna eftir því að fá upplýsingar um stöðu verkefnis um skólaforðun hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hvort til standi að taka mið af tillögum umboðsmanns.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,  
Umboðsmaður barna